

Akureyrarbær
Guðmundur Guðlaugsson
Geislagötu 9
600 Akureyri

2003030078
6000; 9310

Reykjavík, 10. júlí 2003

Efni: Miðhúsabraut og breyting á Þórunnarstræti á Akureyri. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Akureyrarbæjar dags. 24. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um framkvæmdir við Miðhúsabraut og breytingar á Þórunnarstræti Akureyri samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10.b í 2. viðauka laganna.

Í erindinu kom fram afstaða Akureyrarbæjar til matsskyldu framkvæmdarinnar en Skipulagsstofnun leitaði álits Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 14. apríl 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. apríl 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 16. og 30. apríl og 8. júlí 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Miðhúsabraut sé tengibraut sem muni í framtíðinni ná frá Þórunnararstræti og upp að Dalsbraut og hugsanlega alveg að Þingvallastræti. Tilgangurinn með þeim áfanga sem nú eigi að framkvæma sé að þjóna Naustahverfi fyrst og fremst en hann muni þjóna stærra svæði í framtíðinni. Fyrirhugað sé að leggja af 200 m kafla á Þórunnarstræti vestan kirkjugarðsins á Akureyri og byrja á Miðhúsabraut sem muni liggja til vesturs sunnan Teigahverfis. Þessi kafla Miðhúsabrautar sé um 500 m langur. Vegna framkvæmdanna þurfi að fjarlægja um 6.000 m³ af efni og afla um 8.500 m³ í fyllingar og fláa. Ekki sé vitað hvaðan efni verði fengið en þær námur sem meðal annars koma til greina eru við Þverá í Eyjafjarðarsveit og við Björg í Hörgárbyggð. Framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að afrennsli af götum verði veitt í ofanvatnslögnum

um Lækjargil til sjávar. Framkvæmdin hafi áhrif á hljóðvist. Samkvæmt útreikningum fyrir fullbyggða Akureyri árið 2050 megi búast við að hljóðstig fari yfir 55 dB(A). Því sé fyrirhugað að reisa hljóðmanir samhliða lagningu vegarkaflanna.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar er ekki tekin afstaða til matsskyldu framkvæmdarinnar. Í gögnun framkvæmdaraðila kemur fram að Akureyrarbær telji að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hljóðvist

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er gerð athugasemd við umfjöllun um hljóðvist. Umfjöllun um áhrif á byggð í Naustahverfi og Teigahverfi sé óskýr og ekki komi fram lengd eða hæð fyrirhugaðrar hljóðmanar. Auk þess gerir Heilbrigðiseftirlitið athugasemdir við það að engöngu sé reynt að halda hljóðstigi innan viðmiðunargildis, 55 dB(A), en ekki leiðbeiningargildis, 45 dB(A).

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem um nýskipulögð hverfi er að ræða séu öll tók til að uppfylla leiðbeiningargildi reglugerðar um hávaða. Jafnframt bendir stofnunin á að á nokkrum lóðum við Mosateig og á lóðum í Naustahverfi fari hljóðstig yfir 55 dB(A). Stofnunin telur jafnframt að meta hefði átt tengibraut sunnan Lundahverfis í heild sinni en ekki eingöngu þann hluta sem sýndur er á staðfestu aðalskipulagi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að leiðbeiningargildið, 45 dB(A), sé mjög strangt og erfitt að uppfylla það í þéttbýli og því sé miðað við viðmiðunargildið. Hljóðmönin sem ætlunin er að byggja í þessum áfanga verði 140 m á lengd og 1,5 - 2 m há. Fram kemur að ætlunin sé að sjá til þess að hljóðstig fari ekki yfir leyfileg mörk og eigi það við um Mosateig eins og aðrar götur þó ekki sé gert ráð fyrir að byggja hljóðmön þar í ár, en minnt er á að reiknað hljóðstig miðast við árið 2050. Starfandi sé vinnuhópur sem fjallar um framhald Miðhúsabrautar og Dalsbraut að Þingvallarstræti, þ.e.a.s. þær götur sem frestað var að taka afstöðu til við gerð aðalskipulags 1998. Þegar búið verði að taka ákvarðanir um umræddar götur verður hægt að áætla frekar um umferð eftir Miðhúsabrautinni og taka þá afstöðu til þeirra mótvægisáðgerða sem tilefni gefur til. Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tryggt sé með allt að 2 m háum hljóðmönnum að hljóðstig fari ekki yfir viðmiðunargildi reglugerðar um hávaða í Teigahverfi árið 2050. Manimar verði gerðar sumarið 2003. Jafnframt verði gripið til annarra aðgerða í tveim húsum í Naustahverfi þar sem hljóðvist á efri hæðum stefni í að verða óviðunandi í framtíðinni. Þær aðgerðir séu að byggja hús nr. 20-24 og 16-18 í Stekkjartúni á einni hæð í stað tveggja líkt og áformað var, setja kvaðir um aðgerðir á húsunum sjálfum, eða byggja steiptan vegg upp úr syðstu hljóðmöninni, en það yrði þá gert síðar.

Efnistaka

Í umsögn Umhverfisstofnunar er hvatt til þess að gerð verði vinnsluáætlun fyrir hverja námu líkt og fram komi í staðfestu Aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýlagningu á 500 m kafla tengibrautarinnar Miðhúsabraut og breytingar á Þórunnarstræti við gatnamót þeirra. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögnum hafa verið gerðar athugasemdir við umfjöllun um hljóðstig í gögnum framkvæmdaraðila. Í gögnunum sé ekki gert ráð fyrir ráðstöfunum til að halda hljóðstigi neðan viðmiðunargildis reglugerðar um hávaða í hluta Nausta- og Teigahverfis.

Skipulagsstofnun telur að með fyrirhuguðum hljóðmönnum sem gerð er grein fyrir í svörum framkvæmdaraðila séu tilteknar fullnægjandi ráðstöfanir til að halda hljóðstigi neðan viðmiðunargildis reglugerðar um hávaða í Teigahverfi. Auk þess sem lagðar hafi verið fram áætlanir um hvernig skuli mætt vaxandi umferðarhávaða í Naustahverfi. Til þess ber að líta að í framlögðum gögnum er birt spá fyrir ástand árið 2050. Það sé því ljóst að spáin er háð margvíslegri óvissu. Umferðarspá, hraði uppbyggingar nýrra íbúðahverfa á Akureyri og tæknilegar framfarir varðandi hljóðstig frá ökutækjum eru allt þættir sem búast megi við að taki breytingum næstu 50 árin og í ljósi þeirrar óvissu sé vafasamt að leggja til ítrustu ráðstafanir til að draga úr hávaða sem búast má við á svo löngum tíma. Skipulagsstofnun telur að fylgjast þurfi með hávaða við íbúðarhús í Naustahverfi og að Akureyrarbær þurfi að grípa til mótvægisáðgerða ef mælingar sýni að hljóðstig komi til með að fara yfir viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdir við Miðhúsabraut og breytingar á Þórunnarstræti á Akureyri séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. ágúst 2003.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun

